

Porkell Sigurbjörnsson formaður Tónskáldafélags Íslands segir hug sinn um stöðu íslenskrar nútímatónlistar í tilefni hjómplötuútgáfu Íslenskrar tónverkamiðstöðvar

pitt sem foreldris að koma í veg fyrir að hún kynnist öðru.

Nú hefur íslensku þjóðinni verið kennt samlega vel að hlusta á „sígilda“ tónlist, fólk kveinkar sér ekki undan „sinfóniugaulinu“ eins og algengt var í eina tíð. Er það hugsanlegt að hin rómantíska sinfóniutónlist 18. og 19. aldarinnar nái frekar eyrum okkar en nútímatónlistin af því að hún hafi víðari skírskotun?

Það er ekki hægt að alhæfa um nútímatónlist sem slíka – að hún sé í sjálfu sér fyrir þröngan hóp – sumt af henni nær aldrei nema til fárra – en við erum bara þakklát þessum köllum og konum í Vínarborg sem tóku þá stefnu að hafa ekki Beethoven og hundruð annarra tónskálda til einkaafnota sem einhvers konar huldumenn.

Það er ágætt að velta fyrir sér þeirri spurningu, fyrir hverja var Beethoven að semja? – Vínarborg var ekki stærri en Reykjavík er í dag, þegar hann var og hét. Hann samdi sín verk mestmegnis fyrir hinn breiða áheyrendahóp. Hann var ekki þeirrar skoðunar að þetta væri tónlist fyrir lítinn innilokaðan forréttindahóp. Verkin hans voru flutt opinberlega og gefin út nærri samstundis, og meira að segja var samið um útgáfu verka sem ekki voru til. Hann var þeirrar skoðunar að þessi tónlist ætti erindi til fólks, ekki bara í Vín, heldur í öllum borgum og um öfyrirsjáanlega framtíð. Meirihluti verka hans er þannig til kominn. Það var ekki fyrir en undir lokin, þegar hann var orðinn heimsfráhverfur og talaði um sjálfan sig sem gamalt barn, að hann gerði kvartettana, sem hann vissi jafnframt að myndu aldrei ná til hins breiða áheyrendahóps. Við erum í dag þakklát fyrir þessa ávexti þjóðfélagsbyltingar og upplýsingastefnu 18. aldarinnar, sem gerði þá kröfu að fólk ætti að hafa aðgang að listum og vísindum.

Nútímatónskáld búa við ýmis konar ólík skilyrði og það er rétt að það er áberandi meirihluti nútímahöfunda sem lifir í þessum tiltölulega þröngu kreðsum – og eru að mörgu leyti hliðstæðir sínum kollegum sem vinna sérhæfð verk á ýmsum sviðum, – en það eru líka til aðrir nútímalistamenn sem beinlínis vinna fyrir og beina atorku sinni og hæfileikum að stórum og yfirgrípsmiklum viðfangsefnum sem hafa víða skírskotun. Alveg eins og það eru til skáldsöguhöfundar sem skrifa skáldsögur fyrir miðjónamarkað og um leið ljóðskáld sem skrifa ljóð til hljóðláttrar íhugunar fyrir einstaklinga.

Þú áltur þá að íslenskir ráðamenn í menningarmálum líti á tónskáldin sem huldumenn?

Já, og í þessu sambandi er kannski hollt að líta til íslensks leikhúss og þeirrar sláandi breytingar sem orðið hefur í íslenskri leikritun á undanförnum árum. Ég held að það hafi verið í tíð Sveins Einarssonar hjá Leikfélaginu sem forsvarsmenn leikhúsanna fóru allt í einu að kynna það með stolti, að þeir ætluðu að frumsýna þetta eða hitt íslenskt leikrit á komandi sýningarári. Það gerðist eitthvað við þessi umskipti... Það er stundum erfitt að segja hvort kemur á undan, hænan eða eggð, en allt í einu, þegar hætt var að tala um það sem einhverja leiðinlega skyldu eða fórn að sýna íslenskt leikrit, þá áttum við leikritaskáld eins og Jökul eða Odd Björnsson sem enginn þurfti að skammast sín fyrir. Það er umhugsunarefni hvort leikritaskáldin urðu allt í einu meiri skáld við þessa afstöðubreytingu, eða hvort að þarna var eitthvað annað sem réði. Ég hef ekki heyrt íslenska leikara afsaka það að þeir séu að leika íslensk verk, eða yfirleitt að þeir séu að leika á íslensku, eins og oft gerist með tónlistina.

Viltu meina að Sinfónihljómsveitin líti á íslenska tónlist sem leiða skyldu?


Já, Sinfónihljómsveitin virðist líta á það sem misljúfa skyldu og aukaatriði á dagskrá sinni að flytja íslenska tónlist. Þegar hljómsveitin kynnir dagskrá sína þurfa fréttamenn oftast að veiða það upp, hvort ekki sé einhver íslensk tónlist á dagskránni, og hún er aldrei sett á oddinn. Þannig er afstaðan til tónlistarinnar ólík því sem við eigum að venjast með bókmenntirnar, og því reynist erfiðara að færa hana nær hversdagsleikanum.

En með þessari hljómplötuútgáfu tónverkamiðstöðvarinnar er íslenskum áheyrendum í fyrsta skipti í langan tíma gefinn kostur á að heyra sýnishorn af því sem íslensk tónskáld eru að fást við, og það er hlutur sem fólk á fullan rétt til að fá að kynna. Kannski fellur sumum vel og öðrum illa – eins og gengur og gerist – en af því sem ég þekki til íslenskra tónskálda get ég fullyrst að þetta sé ekki það einstakar persónur, að þau eigi ekki sína sálufélaga – þau eru ólík, hafa ólíkar skoðanir og tilfinningar til þess sem gerist í umhverfinu og hljóta að eiga sér sálufélaga sem hugsa og finna til á svipuðum nótum.

ólq.

Ásgerður hjá ASÍ

Ásgerður Búadóttir hefur opnað sýningu í Listasafni ASÍ á ofnum myndverkum, sem flest eru unnin á síðustu 2 árum. Á sýningunni eru 10 verk ofin úr ull með hrosshársívaði. Verk Ásgerðar eru flest stór, unnin í ströngu formi með fáum litum og bera vott um skarpa og persónulega formskynjun og faguð vinnubrögð, þar sem áhrif frá íslenskri náttúru birtast ummynduð í persónulegu myndmáli listakonunnar. Ásgerður sýndi verk sín síðast á Kjarvalsstöðum 1984. Hún sagði við blaðamann Þjóðviljans að áramótaávarp Vigdísar Finnbogadóttur hefði orðið henni áeggjan um að halda þessa sýningu, en ákveðið hefur verið að nokkur verk á sýningunni fari á norræna list- og



mennigarkynningu sem verður í Japan á þessu ári, og ekki að vita hvenær verkin koma til baka

aftur. Sýningin verður opin daglega frá 14-18 en 14-22 um ólg.

VEXTIR

LANDSBANKANS

Frá 1. mars 1987 eru vextir í Landsbankanum sem hér segir:

INNLAÐSVEXTIR:	Vextir alls á ári
Sparisjóðsbækur	11,0%
Kjörbækur	20,0%
Vextir eftir 16 mánuði	21,4%
Vextir eftir 24 mánuði	22,0%
Vaxtaleiðrétting v/úttekta	0,8%
Verðtryggður Sparireikningur:	
Með 3ja mánaða bindingu	2,0%
Með 6 mánaða bindingu	3,5%
Sérstakar verðbætur á mán. 0,92%	11,0%
Sparireikningar bundnir í 3 mán.	12,0%
Sparireikningar bundnir í 12 mán.	13,0%
Sparilán	13,0%
Tékkareikningar	6,0%
Innlendir gjaldeyrisreikningar:	
Bandaríkjadólar	5,0%
Sterlingspund	9,5%
Vesturþýsk mörk	3,0%
Danskar krónur	9,5%

ÚTLÁÐSVEXTIR:	Vextir alls á ári
Víxlar (forvextir)	19,0%
Hlaupareikningar	20,0%
Almenn skuldabréf	21,0%
Verðtryggð lán:	
Lánstími í allt að 2½ ár	6,0%
Lánstími minnst 2½ ár	6,5%

**Landsbanki
Íslands**
Banki allra landsmanna